

Fundur hjá stjórn Foreldrafélags Húsaskóla

Mættir: Bára formaður, Sveiney ritari, Helga fulltrúi 7. bekkjar, Helena fulltrúi 6. bekkjar, Guðný Halla fulltrúi 5. bekkjar, Íris fulltrúi 4. bekkjar, Þorbjörg fulltrúi 3. bekkjar, Heiðveig fulltrúi 2. bekkjar, Þóra fulltrúi 1. bekkjar og Hrefna fulltrúi skólaráðs.

Dagskrá:

1. Fyrirlestur á miðvikudaginn kl. 20 - 21
 - a. Uppröðun í sal, stjórnin mætir kl. 19:15, raða borðum og stóla við og hella upp á kaffi.
 - b. Veitingar / 3 kassar súkkulaðirúsínur, 3 lítra sódavatn, kaffi og mjólk. Þorbjörg sér um innkaup.
2. Hjálmar frá Kiwanis til 1. bekkjar.

Bára sendir póst á formann Kiwanis með netfangi bekkjarfulltrúa 1. bekkjar og þeir verða svo í samskiptum vegna hjálmannna. Hjálmarirnir verða afhentir þann 1. maí á Olís.
3. Seglar um skjátíma, Samfok stendur fyrir gjöfum á skjátímaseglum til allra nemenda í leik- og grunnskólum. Seglarnir verða afhentir til foreldrafélaga grunnskólanna í Ráðhúsi Reykjavíkur fimmtudaginn 11. apríl kl. 16.30 - 17:30. Guðný Halla ætlar að fara og taka á móti seglunum fyrir hönd Húsaskóla.
4. Páskabingó
 - a. Farið verður með innkomuna í banka í vikunni. Ekki er búið að telja ágóðann. En illa gekk að koma páskabingóinu af stað, erfitt að ná fólkinu saman. Þannig að stjórnin greip þennan viðburð og keyrði hann í gegn. Foreldrar úr 1. og 4. bekk stjórnðu samt bingóinu sjálfu og koma að því að raða upp salnum og ganga frá. Þannig að þetta verkefni var unnið með mikilli samvinnu stjórnarinnar og 1. og 4. bekkjar.
5. Fulltrúar foreldra næsta vetur 2019- 2020
 - a. bekkjarfulltrúar, ef einhver ætlar að stíga út þá þurfa þeir að óska eftir nýjum til að taka við af sér.
 - b. skólaráð, vantar inn einn fulltrúa í skólaráð. Seta í skólaráði er til 2ja ára í senn.
 - c. stjórn, okkur mun vanta ritara og gjaldkera fyrir næsta vetur.
6. Foreldrarölt, 6. bekkur á tvo föstudaga eftir og 7. bekkur tekur við 3. maí.
7. Bekkjarkvöld, bekkjarfulltrúar hvattir til að minna þá á sem tóku að sér bekkjarkvöld á vorönn að fara að koma því á dagskrá.
8. Vorhátíð, skipulag komið á fulla ferð og allt á góðu róli þar.
9. Málefni til og frá skólaráði, fundi var frestar og ekki er komin ný dagsetning á fund.

10. Önnur mál, umræður um tilnefningar verkefna í Betri Reykjavík. Hvetjum til þátttöku til að koma að hugmynd að battavelli í Húsahverfi.

Fundinn ritaði
Sveiney